



for nordiske biblioteker

[www.prforeningen.org](http://www.prforeningen.org)

# Norræna bókasafnavikan Í ljósaskiptunum – „Konan í Norðri”

## HUGMYNDALISTI 2007

### Inngangur og almennar upplýsingar

Þema ársins er **Konan í Norðri**

Í ár munum við beina sjónum okkar að norrænum konum fyrr og nú. Hvernig saga þeirra og staða birtist í rannsóknum, fagur og fagbókmenntum okkar.

Í öllum menningarsamfélögum í gegnum tíðina hafa konurnar haft mjög mikla þýðingu. Vissulega hefur staða þeirra og hlutverk í samfélaginu verið mismunandi. Stundum hafa þær notið sannmælis og verið sjálfstæðir einstaklingar en líka hafa þær verið heftar og kúgaðar og ekki átt sömu möguleika og karlarnir. Þó ættu menn aldrei að efast um gildi þess sem konur leggja til samfélagsins og hafa gert í gegnum tíðina.

Einnig hafa konur verið virkar í menningarlífi og sögu okkar Norðurlandabúa. Þær hafa varðveitt hefðir jafnframt því að ryðja nýjungum braut. Þeirra hlutur í að skapa það samfélag sem við nú lifum í er umtalsverður og síst minni en karlanna.

Textarnir sem við höfum valið í ár eru frá mismunandi tímum og hver með sínu móti. Þeir eiga það þó sameiginlegt að draga upp mynd af sterkum og sjálfstæðum norrænum konum, konum þeirrar gerðar sem alltaf hafa verið uppi á Norðurlöndum og eru enn.

**Textar til upplestrar á opunarhátíð 11. norrænu bókasafnavikunnar  
mánudaginn 12. nóvember 2007:**

Fyrir **Morgunstund** klukkan 09:00 höfum valið tvo texta, einn fyrir leikskólabörn og annan fyrir skólabörn. Fyrir leikskólabörnin er það kafli úr „**Lína langsokkur ætlar til sjós**“ eftir **Astrid Lindgren**. Textinn hefst á setningunni: „Tígrisdýrið er sloppið út!“ og er er úr kaflanum: Lína fer á markað.

Fyrir eldri börnin er það kafli úr „**Ronju ræningjadóttur**“, líka eftir **Astrid Lindgren**.

Textinn hefst á 3. kafla þar sem Ronja og Birkir hittast og stökkva yfir Helvítisgjána og lýkur á setningunni: „Ég vona að þú dettir niður aftur, skithællinn þinn“

Fyrir upplesturinn í ljósaskiptunum klukkan 18:00 völdum við kafla úr bók **Sigríð Undset: "Kristín Lafranzdóttir", Kransinn**. Textinn sem um ræðir er í lok annars hluta í bókinni (sem líka heitir Kransinn). Hlutinn hefst á orðunum: „Þrem vikum síðar kom Lafranz Björgúlfsson...“ til loka kaflans.

Veggspjöldin og póstkortin eru í ár unnin af álfenska listamanninum **Jonas Wilén**.

Textana, plakatið og aðrar upplýsingar verður að finna á vef verkefnisins:

**[www.bibliotek.org](http://www.bibliotek.org)**

***ATH!***

**Efnið er ókeypis fyrir söfnin, en einungis þau söfn sem tilkynna þátttöku fá sent efni.**

Hafðu samband við Norræna félagið í þínu sveitarfélagi eða bókasafnið og vinnið saman að velheppnaðri viku.

### **Almennt um upphafshátíðina**

Í anda þemans vonum við að almenningsbókasöfn og skólabókasöfn vinni saman og einnig að Norrænu félögin taki virkan þátt í hátíðinni bæði að morgni og kvöldi.

Við hvetjum skólana til að hafa morgunstund í skólunum klukkan 09:00 mánudaginn 13. nóvember

Slökkvið rafljósin, kveikið á kertum og eigið saman góða stund í norrænum anda

Gerið daginn að spennandi dag í norrænum anda þar sem nemendur sem unnið hafa með þema ársins kynna verk sín fyrir samnemendum sínum. Það má nota alla vikuna til að kynna Norðurlöndin, hvort heldur sem er í skólasafninu eða öllum skólanum. Hægt er að lesa upp úr bókunum um Ronju og Línu í vikunni, ekki bara þá hluta sem við höfum valið, heldur bækurnar allar.

Undanfarin ár hafa Eystrasaltspjóðirnar tekið virkan þátt í bókasafnavíkunni og ef að líkum lætur verður svo einnig í ár.

Við hvetjum barnabókasöfnin til að bjóða leikskólum í heimsókn í „Morgunstund“ og lesa saman og eiga notalega stund í bókasafninu. Lína langsokkur hittir örugglega í mark hjá yngstu kynslóðinni nú sem endranær.

Það er svo sannarlega vel við hæfi að skólar og barnabókasöfn haldi nafni Astrid Lindgren og verkum hennar á lofti, ekki síst í ár en hún hefði orðið 100 ára ef hún hefði lifað.

### **Ástæða þess að þetta þema var valið:**

Konur eru nauðsynlegar til viðhalds mannkynsins. Því hefur konan óumdeilda stöðu í öllum samfélagsgerðum, en á Norðurlöndum er konan líka jafngild karlinum. Hún er ekki bara eiginkona manns síns, móðir barna hans og vinnukona fjölskyldunnar, heldur jafningi hans og jafnoki.

Staða konunnar hefur vissulega verið með ýmsu móti í gegnum tíðina, en alltaf verið verðmæt. Án þeirra væri samfélag okkar ekki það sem það er í dag. Í Finnlandi eru konurnar hylltar fyrir að halda samfélaginu gangandi meðan þjóðin átti í stríði. Á Íslandi eru konur ekki síðri menn en karlar. Konur okkar hafa verið forsetar og forsætisráðherrar og notið virðingar bæði heima og á alþjóðavettvangi. Sterkar konur hafa alltaf sett svip sinn á samfélag Norðurlandanna, þrátt fyrir að fjárhagsástæður, trú og kirkja hafi oft haft stýrandi og hamlandi áhrif á líf þeirra.

Miðað við þau réttindi sem norrænar konur njóta stendur staða konunnar í ýmsum samfélögum innflytjenda í verulegri mótsögn, sem skapar átök á milli hugmynda- og túraheima.

Norrænar skáldkonur eru margar, góðar og vinsælar og verk þeirra eru lesin um heim allan. Þær hafa skrifað og skrifa enn djúpar og skáldsögur sem eru fullar af innsæi um lífið; um stöðu og lífsbaráttu kvenna og barna. Sögur þeirra og verk „bera þúsund blóm.“

### **Ástæða þess að þessi texti var valinn er í stuttu máli þessi:**

**Sigríð Undset** er ein mikilvægasta skáldkona Norðurlandanna. Hún hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1982, m.a. fyrir skáldverkið um Kristínu Lafranzdóttur

Verk Sigríð Undset lýsa skáldi sem hefur mikla þekkingu á viðfangsefnum sínum og mikinn sköpunarkraft. Í sögunni um Kristínu Lafranzdóttur rekur hún ævi norskrar miðaldakonu frá vöggu til grafar. Kristín er sterk kona sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir og tekur afleiðingunum af þeim.

Kaflinn sem við höfum valið til upplestrar segir frá því þar sem Kristín segir föður sínum, Lafranzi, að hún vilji ekki giftast þeim manni sem hann hafði valið henni til handa. Lafranz lætur hana fá vilja sínum framgengt, þar sem hennar óskir eru honum mikilvægastar.

**Astrid Lindgren** er án efa þekktasti og virtasti barnabókahöfundur sem Norðurlönd hafa alið. Verk hennar eru elskuð og dáð í Svíþjóð, um öll Norðurlönd og raunar um veröld víða.

Hún hefði orðið eitthundrað ára í ár ef hún hefði lifað og fæðingardagur hennar, 14. nóvember, fellur inn í bókasafnavíkuna. Því miður hlaut hún aldrei Nóbelsverðlaunin í bókmenntum, en svo sannarlega er hægt að kalla hana drottningu barnabókmenntanna.

Sagan um Ronju Ræningjadóttur er líka saga af miðaldastúlku eins og Kristínu Lafranzdóttur. Þar lýsir Astrid Lindgren með hlýju og væntumþykju sterkri stúlku sem sýnir fram á að vinátta og hugrekki geta leyst og jafnað erfið ágreiningsmál.

Fyrsta bókin um Línu Langsokk kom út árið 1948. Lína er sterk, óhefðbundin og óuppalin stúlka – villt náttúrubarn. Hún hefur ríka réttlætiskennd sem jafnan dregur taum þeirra sem minna mega sín. Hún lætur til sín taka þegar þörf krefur og jafnan fara allir sáttir til síns heima, skúrurinn, fórnarlambið og Lína, eftir að hún hefur leyst erfið og alvarleg mál.

## **SKRÁ YFIR HUGMYNDIR AÐ ATBURÐUM OG UPPÁKOMUM**

**Þessi hugmyndalisti mun vonandi fæða af sér nýjar hugmyndir. Hugsanlega mun einhverjum finnast hugmyndirnar undarlegar og óframkvæmanlegar, en það er svo að það sem einum þykir furðulegt og óframkvæmanlegt þykir öðrum hið mesta snjallræði.**

Í ár getum við helga heila viku norrænum konum. Hvort heldur sem er rithöfundum, tónlistarkonum, myndlistarkonum, leikkonum, fjallgöngugörpum, stjórnmalakonum, arkitektum, flugmönnum, athafnakonum, iðnjöfrum, mæðrum eða dætrum. Væntanlega verður athyglinni mest beint að Sigrid Undset og Astrid Lindgren og bókmenntum þeirra, en ekki má gleyma öðrum norrænum skáldkonum, og af nógu er að taka.

### **Grunnhugmyndin:**

Hugmyndin að baki Norrænu bókasafnavíkunnar var að vekja athygli á norrænni söguhefð. Sögunum sem sagðar voru í ljósaskiptunum og reyna að endurvekja þá stemningu á bókasöfnunum.

Til að börnin geti tekið þátt, höfum við bætt við morgunstund þar sem börnunum eru sagðar sögur í birtingu.

### **Veggspjaldið og póstkortin**

Myndin sem prýðir póstkortin og plakötin í ár er aðgengileg á vef verkefnisins og þátttakendur geta notað það að vild.

Myndin er eftir Jonas Wilén. Nánari upplýsingar um hann eru á vef hans:

**[www.wilen.nu](http://www.wilen.nu)**

Veggspjaldið hefur **engan** opinn reit til að kynna dagskrá safnanna. Þetta er gert með vilja. Það er auðvelt að líma eða hefta blað við veggspjaldið þar sem söfnin kynna dagskrá sína. Eins má geta þess að mörg söfn hafa valið að ramma inn plaköt fyrri ára og nota þau í markaðssetningu á vikunni og líka til skrauts.

### **Almennar hugmyndir**

Skreytið með fánum Norðurlandanna.

Hafið samband við Norræna félagið á staðnum og vinnið saman að vikunni.

Vekið athygli á starfi norrænu félaganna s.s. Nordpraktik o.s.frv.

Upplýsið um starfsemi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Kort af Norðurlöndum er hægt að nálgast í bókabúðum, og einnig má líka fá bæklinga og upplýsingar á ferðaskrifstofum og í sendiráðum.

Nálgist upplýsingar á vef verkefnisins [www.bibliotek.org](http://www.bibliotek.org)

Á vef PR hópsins [www.prforeningen.org](http://www.prforeningen.org) er líka hægt að nálgast hugmyndalista fyrri ára.

### **HUGMYNDALISTINN 2007**

#### **Í ljósaskiptunum – Norræna bókasafnavikan er 11 ára í ár.**

Ef þið eigið plaköt frá fyrri árum er upplagt að nota þau í sýningu, ásamt textunum sem lesnir hafa verið

Nordisk bibliotekuke er 11 ár. Lag en utstilling av alle tidligere års temaplakater og tekster.

- 1997: „Orðið í Norðri“: Egils saga
- 1998: „Húmor í Norðri“: Frans G. Bengtsson: Ormur Rauði
- 1999: „Þjóðsögur og sagnir fyrr og nú“: Kalevala og Bengt af Klintberg: Rottupítsan
- 2000: „Barnið í Norðri“: Astrid Lindgren: Ný skammarstrik Emils í Kattholti.
- 2001: „Orð og tónar í Norðri“: Carl M. Bellman: Úti hjá Haga, Benny Andersen: Hamingjudagur Svantes og Torbjørn Egner: Piparkökusöngurinn.
- 2002: „Norðrið hefur orðið – Norðurlandaráð 50 ára“: William Heinesen: Fámálir gestir (úr bókinni Töfralampinn) og Tove Jansson: Jólátréð.
- 2003: „Hafið og Norðrið“: Alexander Kielland: Garman & Worse og Anngannguujuuk.
- 2004: „Einu sinni var í Norðri...“: H. C. Andersen: Ljóti andarunginn Hið furðulegasta.
- 2005: „Á ferð í Norðri“: Selma Lagerlöf: Nilli Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð
- 2006: „M:orðið í Norðri“: Arnaldur Indriðason: Grafarþögn, Ole Lund Kirkegaard: Fróði og hinir gríslingarnir, Gunilla Bergström: Eru skræfa Einar Áskell

#### **Sigrid Undset, 1882 - 1948:**

[www.undset.no](http://www.undset.no)

Leitið á Google að: Sigrid Undset

Leitið í wikipediu að: Sigríð Undset

## **Astrid Lindgren, 1902 – 2002**

[www.astridlindgren.se](http://www.astridlindgren.se) (opinber vefslóð skáldkonunnar)

[www.alv.se](http://www.alv.se) (Heimur Astrid Lindgrens )

[www.astridlindgren2007.com](http://www.astridlindgren2007.com)

Líka getur borgað sig að heimsækja slóð Sænsku baranbókastofnunarinnar, en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um Astrid Lindgren: [www.sbi.kb.se](http://www.sbi.kb.se)

Leitið á Google að: Astrid Lindgren

Leitið í wikipediu að: Astrid Lindgren

**Hönnuður veggspljaldsins er Jonas Wilén, ungur myndlistarmaður frá Álandseyjum. Sjá: [www.wilen.nu](http://www.wilen.nu)**

## **KONAN Í NORÐRI – HUGMYNDIR**

Við viljum benda á vef PR hópsins þar sem hugmyndalistar fyrri ára er að finna.

Margar af þeim hugmyndum sem þar er að finna má nota aftur og aftur.

Að vísu er enginn listi fyrir árið 1998 þegar enginn hugmyndalisti var gerður.

Slóðin er: [www.prforeningen.org](http://www.prforeningen.org)

1. Beinið sjónum að bókmenntum og frásagnarlist með:  
Sagnasmiðju, ritsmiðju, teiknismiðju, ljóðasmiðju, brúðuleikhúsi o.þ.h.
2. Sýning um skáldkonur sem hafa hlotið Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og Bókmenntaverðlaun Nóbels.
3. Sýning um skáldkonur sem „hefðu átt skilið“ að fá þessi verðlaun.
4. Setjið upp töflu þar sem notendur bókasafnsins fá tækifæri til að stinga upp á skáldkonum sem þeim finnst að ættu að fá þessi verðlaun.
5. Bókaústilling: Ýmsar viðurkenningar og bókmenntaverðlaun sem ykkur finnst að skáldkonur hefðu átt að fá og hverjar hafa fengið þær.
6. Leslisti á vef bókasafnsins „Norðurlönd lesa bækur eftir norrænar skáldkonur“
7. Getraun: Þekktar konur úr norrænum skáldskap (sögur eftir bæði kynin)
8. Fyrirlestur: Hvað er líkt og hvað er ólíkt með norrænum kvennabókmenntum?
9. Með vísun í „Gestaboð Babette“ eftir Karen Blixen: Leggið á vel dekkad borð verk eftir norrænar skáldkonur. Þrjár fyrir hvern gest. Ljóðabók í forrétt, skáldsaga í

aðalrétt og kannski fagbók eða blandað efni í eftirrétt.

10. Bækur fyrir ungar stúlkur: Að fullorðnast, sterkar konur o.s.frv.
11. Beinið sjónum að þekktum konum, bæði úr héraði frá Íslandi, Norðurlöndum og heiminum öllum.
12. Þjóðið til sögustundar dag hvern á ákveðnum tíma. Búið til lestrarskot í barnadeildinni og fullorðnir lesa upphátt fyrir börnin.
13. Allar Kristínar sem koma til að hlýða á upplesturinn úr „Kristínu Lafranzdóttur“ fá litla gjöf frá bókasafninu, t.d. rós eða litla bók eða annað sniðugt.
14. Þar sem jólin nálgast óðum má vekja athygli á jólasögum, jólakvæðum og jólalögum sem eru eftir eða flutt af konum. Þekktast héraendis er sennilega „Kvæðið um jólaköttinn“ við lag og í flutningi Ingibjargar Þorbergs.
15. Hugmynd að sýningu: Dulnefnið og höfundurinn, sýning um konur sem hafa skrifað undir dulnefni.
16. Börn skrifa um „móðurímynd“ sína (móðir, amma, frænka kennari) Dæmi á slíkri ritgerð gæti verið „Lofsöngurinn um mömmu“. Birtið á vef safnsins eða í staðarblaðinu.
17. Bókapakkar fyrir karla eingöngu. Pakkið inn nokkrum bókum eftir skáldkonur og kynnið fyrir karlkyns lesendum, t.d. með yfirskriftinni: Lesið verk kvenna og kynnist betur hugsanagangi þeirra.
18. Sérkennilegar kvenpersónur í norrænu bókmenntum.
19. Þjóðið börnum að skrifa sögu um sterka og hugrakka stúlku. Hugsanlega má fá rithöfund til að hefja söguna, og síðan taka börnin við. Nýr kafli bætist við í viku hverri yfir ákveðið tímabil. Sagan er síðan birt á vef bókasafnsins eða í samvinnu við skóla, staðarblað, bæjarsjónvarp eða....
20. Ungmenni skrifa „vefbók“ þar sem nýr kafli birtist dag hvern. Hugsanlega líka sem blogg á vef bókasafnsins.
21. Í samvinnu við minjasafnið er hægt að vera með sýningu um „Reynsluheim kvenna“.
22. Sýning með kort og upplýsingar um píligrímaleiðir í Evrópu og sögu þeirra. Sérstaklega er sýnd leið Kristínar Lafranzdóttur til Niðaróss.
23. Allir sem heita Kristín, Ronja, Sigurlína, Rúllugardína, Nýlendína, Krúsímunda, Efraímsdóttir eða Langsokkur fá litla gjöf þegar þær heimsækja bókasafnið þessa vikuna. Þetta getur verið kaffi og kaka, eða viðurkenning eða blóm eða...

24. Fáíð barnaleikhóp eða krakka á leiklistarnámskeiði til að leika senur úr sögunum um Ronju og Línu
25. Bókasöfn með kaffiteríu eða tengsl við slíkt geta boðið upp á bókmenntamatseðil þar sem líka er boðið upp á fyrirlestur um skáldkonur og aðrar konur með súpu eða léttum hádegisverði.
26. Búið til bókahappdrætti þar sem bækur norrænna skáldkvenna eru í vinninga. Ýmsir möguleikar, s.s. að draga út lánþeganúmer, leggja vinningsseðla inn í bækur eða hundraðasti hver lánþegi hlýtur vinning eða...
27. Upplýsingar um fyrstu bók eftir skáldkonu,  
 Á Íslandi: Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: Jón biskup Vídalín (1891-1892)  
 Í Noregi: Camilla Collett: Amtmandens døttre (1854-55)  
 Í Svíþjóð „Familjen“ (1830) eftir Fredrika Bremer
28. Ljósmyndasamkeppni með þemað „Konur“.
29. Óvæntar kvennabókmenntir. Pakkið inn bókum eftir skáldkonur og lánið undir yfirskriftinni: „Reyndu við skáldkonu“.
30. Beinið sjónum að ferðabókum og öðrum bókum er fjalla um Norðurlöndin (náttúra, samfélag, matarmenning, menning, listir ) Kynnið þetta sem brottfararstöðvar t.d. „Lestin til Svíþjóðar er á palli 5“, „Flug til Íslands frá flugstöð 3 á annarri hæð“ o.s.frv. Notið þessar stöðvar til að kynna kvennabókmenntir frá löndunum.
31. Bók+bíómynd=satt
32. Bók + mynd = best í bíó. Samvinna með kvikmyndahúsum með sýningar á norrænum kvikmyndum og gjarnan með spjalli á eftir um myndina við gesti. Morgunbíó – eldri borgarabíó – skólabíó o.s. frv.
33. Biðjið bókabúðina um að hengja upp plakatið í búðinni og vekja athygi á norrænum skáldkonum.
34. Sýning á blómum sem bera kvenmannsnöfn s.s. Dronning Ingrid, Karen Blixen og Astrid Lindgren.  
 Sjá: [www.linnaeus2007.se](http://www.linnaeus2007.se) eða <http://linnaeus.nrm.se/flora/> varðandi flóru Norðurlandanna.
35. Dagleg sögustund fyrir börn og fullorðna, í þeim tilgangi að skapa stemningu í safninu.
36. Lyftingakeppni í barnadeildinni. Bæjarins eða skólans sterkasta stúlka. Setjið fram handlód eða lód af mismunandi þyngd sem börn geta spreytt sig á að lyfta. Spjallið um styrk Línu, bæði andlegan og líkamlegan.

37. Skreytið safnið með ýmsum munum sem tengjast þema og textum ársins.  
(Línuháarkollum, miðaldakjólum, vopnum, pylsubúð, búið til vísingja til að stökkva yfir með því að líma límbandsborða á gólfið.)
38. Langstökkskeppni að hætti Ronju í bókasafninu. Hver stekkur lengst?
39. Hádegisstefnumót við skáldkonu í bókasafninu.
40. Þjóðið í partý þar sem börnum býðst að koma í búningum sem tengjast textum og þema ársins. Lesið upphátt um Ronju og Línu!
41. Myndlistarsmiðja í bókasafninu þar sem börn mála myndir eða teikna sem eiga rót sína að rekja til texta ársins.  
Hér er fínt að hafa samband við myndlistarmann eða myndmenntakennara.
42. Teiknisamkeppni fyrir börn. Börnin teikna sína útgáfu af Línu eða Ronju eða Laban. Síðan eru myndirnar sýndar í safninu og hugsanlega hægt að velja nokkrar myndir og láta prenta þær sem póstkort sem síðan eru til sölu á safninu.
43. Hvað heita Lína og Ronja á hinum ýmsu tungumálum og hvernig eru nöfn þeirra rituð. Sjá nánar á [http://www.astridlindgren.se/index\\_1024.htm](http://www.astridlindgren.se/index_1024.htm)
44. Sýning eða útstilling um bækur og líf Astrid Lindgren.
45. Sýning eða útstilling um bækur og líf Sigrid Undset.
46. Norrænar miðaldir – frá vikingatímanum til siðaskiptanna:  
Trúin, kirkjan, klausturlíf, jurtir og lyf, konan, menntun, nornir og nornaveiðar, landbúnaður, byggingar, Kalmarsambandið og Margrét I, samskipti, viðskipti, stjórnmál.
47. Þekktar eða frægar norrænar konur (njósningar, ráðherrar, læknar, skáldkonur, málara, söngkonur, tónskáld, íþróttastjörnur...)  
Fyrirlestrar og sýningar:

**Dæmi um þekktar norrænar konur:**

**Myndlist:** Kitty Kielland (N), Harriet Backer (N), Siri Derkert (S) Lisa Larsson, keramik(S), Júlíana Sveinsdóttir (IS)

**Höggmyndalist:** Anne Grimdalen (N), Nína Sæmundsson (IS)

**Vefnaður:** Unn Söiland Dale (N), Vigdís Kristjánsdóttir (IS)

**Bólmenntir:** Camilla Collett (N), Torfhildur Hólm (IS), Selma Lagerlöf (S)

**Ballett:** Birgit Cullberg (S), Ásta Norðmann (IS)

**Tónlist:** Monica Zetterlund (S), Kirsten Flagstad (N), Agathe Backer Grøndahl (N), Guðrún Á. Símonar (IS), Björk (IS),

**Kvikmyndaleikstjórar:** Anja Breien (N), Vibeke Løkkeberg (N), Maj Zetterling (S), Róska (IS)

**Kvikmyndaleikarar:** Liv Ullmann (N), Greta Garbo (S),

**Baráttukonur fyrir friði:** Ellen Key (S)

**Leikhús:** Hulda Garborg (N), Inga Tidblad(S) Pauline Brunius (S)  
**Leikkonur:** Wenche Foss og Tore Segelke (N), Anna Borg (IS)  
**Blaðamenn:** Barbro Alving (S), Bríet Bjarnhéðinsdóttir (IS)  
**Læknisfræði:** Cathinka Guldberg og Ellisif Wessel (N), Nanna Scwartz, Katrín Thoroddsen (IS)  
**Guðfræði:** Ingrid Bjerkås og Rosemarie Køhn (N), Margit Sahlin(S), Hanna Ouchterlony(S), Auður Eir Vilhjálmsdóttir (IS)  
**Landnemar/pólfarar:** Liv Arnesen (N), Ingstad (N)  
**Stjórnámálamenn:** Gro Harlem Brundtland (N), Alva Myrdahl(S).Kerstin Hesselgren(S) Kata Dalström(S), Vigdís Finnbogadóttir (IS)  
**Sálfræði/geðlækningar:** Nic Waal (N),  
**Njósningar/gagnnjósningar:** Gunvor Galtung Haavig (N)  
**Hönnun:** Ellinor Flor (N),  
**Íþróttir:** Sonja Henie (N), Ulrika Knape(S), Anja Persson (S)

48. Konan í samískri og grænlenskri þjóðtrú (þjóðsögur, listir)
49. Klókar konur og kellingabækur. Konur og lækningaráð.
50. Kvennablöð fyrr og nú. Sýning
51. Líf og heilsa kvenna gegnum tíðina. Handbækur og blöð. Sýning.
52. Kventíska – fyrr og nú. Klæðnaður og búnaður kvenna á Norðurlöndum í gegnum tíðina.
53. Baráttukonur fyrir réttindum kvenna. Sýning.
54. Kosningaréttur kvenna:
55. Danmörk: 1918  
 Finnland: 1906  
 Ísland: 1918  
 Noregur: 1913  
 Svíþjóð: 1921  
 (Í Sovétríkjunum sálugu tengdist kosningaréttur byltingunni árið 1917. Eins má geta þess að í Frakklandi fengu konur kosningarétt árið 1944, í Englandi 1928, í Sviss 1971 og Portúgal 1976.
56. Kvenfélög og samtök (trúboðsfélög, líknarfélög, klúbbar)
57. Störf kvenna í þágu friðar.
58. Konur í andspyrnuhreyfingu – kvennjósningar
59. Kvenkyns ljóðskáld í gegnum tíðina.
60. Kvennabókmenntir: Bækur skrifaðar af, fyrir og um konur.

61. Kynning á konum sem stóðu í skugga frægra karla. Karin Larsson kona Carls Larsson, Nina Grieg, Fredrika Runeberg, Anne Marie Carl Nielsen, Auður Laxness, Karoline Björnson ...
62. Sterkar konur í Íslendingasögnum: Hallgerður, Bergþóra, Guðrún, Auður....
63. Líf og störf kvenna eins og þau birtast í ljóðum
64. Safnrit um kvennabókmenntir, erlend og íslensk.
65. Konur í tónlistinni. Ljóð og vísur tileinkaðar konum frá upphafi til okkar daga. Spilið í safninu í vikunni
66. Í skólunum og barnadeildunum má hafa þemavinnu sem gengur út frá boðskapnum í bókum Astrid Lindgren um Línu og Ronju. Grundvallargildi sem þar birtast s.s. hugrekki, strykur, traust, vinátta, sjálfstæði og frumkvæði. Síðan eru umræður um efnið á eftir.
67. Skoðið og notið: „Kvinnohistoriska samlingarna ved Göteborgs universitet.“ [www.ub.gu.se/kvinn](http://www.ub.gu.se/kvinn) Hér er ýmislegt að sjá.

### Veggspjaldið og póstkortin

1. Póstkortin má nota sem boðskort á atburði vikunnar. Í skólum geta börnin sent kortin til vinabekkja á Norðurlöndunum. Munið einnig að kort ársins og fyrri ára eru aðgengileg á vef verkefnisins og hægt er að senda stafræn kort. (sjá reitinn „Senda póstkort“ [http://www.bibliotek.org/postkort\\_is.asp](http://www.bibliotek.org/postkort_is.asp)).
2. Notið kortin í markaðssetningu á vikunni, t.d. fyrir fjölmiðla, sem boðskort á viðburði og í skólum geta börn sent kortin sem kveðju til fjölskyldu og vina.
3. Á sama hátt er hægt að fá fullorðna til að tala um og túlka myndina. Hvað er norrænt í þessari mynd o.s.frv.

### Norðurlandaráð

1. Vekið athygli á norrænum bókmenntum og Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs í gegnum árin.
2. Vekið athygli á stöðu Norðurlandanna í heiminum. Hvernig við sem erum sjálfstæð ríki sem höfum valið að vinna náið saman í sátt og samlyndi.
3. Hvernig skilgreinum við lýðræðið? Hvað er sérstakt við Norðurlönd? Hvernig getum við varðveitt þessi sérkenni?

4. Komið upp aðstöðu í safninu n.k. „Speakers corner“ þar sem almenningur getur fengið að tjá sig um skoðanir sínar á Norðurlöndum og norrænni samvinnu
5. Þjóðið Norrænu félögunum að koma og kynna þau verkefni sem þau eru með í gangi. Hafið samband við Norræna félagið á staðnum.
6. Eitt af því sem einkennir Norðurlöndin er hugmyndin um fullorðinsfræðslu. Vekið athygli á því og hvað það þýðir fyrir bókasöfn og lýðræðið.

### **Samstarfsaðilar – markaðssetning:**

Gætið þess að hafa samband við bóksala og hvetjið þá til að hafa sérstakt tilboð á norrænum bókum og bókmenntum í vikunni. Þjóðið þeim veggspjald og gefið þeim upp slóðina á vef verkefnisins. Einnig er upplagt að hafa samvinnu við lögregluna í þetta sinn.

### **Vikan gerð sýnileg á safninu:**

Skreytið safnið með munum sem tengjast textum ársins.

Það getur verið snjallt að hefja markaðssetninguna eða kynningarstarfið nokkrum vikum áður en bókasafnavikan hefst.

### **Ýmsar hugmyndir:**

1. Norræn orð með mismunandi merkingu á sænsku, norsku og dönsku. Dæmi: rolig, rar, fiol, glass o.s.frv.
2. Þjóðið lánþegum að velja þá norrænu skáldkonu frá hverju landi um sig sem þeim finnst skara framúr. Hægt er að gera þetta á heimasíðu safnsins.
3. Fyrirlestur um frásagnarlistina í norrænum bókmenntum allt frá fornsögum til nútímabókmennta, s.s. verka Mikael Niemis.
4. Skólasöfnin eru hvött til að vinna að því að setja Norðurlönd og norræna menningu í brennipunkt þessa viku. Sem dæmi má byrja skóladaginn á öllum skólastigum með upplestri úr norrænum bókmenntum eða með því að sungið er norrænt lag eða eitthvað í þá veruna. Gullið tækifæri til að endurvekja þekkingu barna á norrænum söngvum.
5. Sýning sem tengist stöðum sem eru á heimsminjaskrá SP. Dæmi um slíka staði eru: Røros í Noregi, Jellinge í Danmörku, Rami í Finnlandi, Þingvellir á Íslandi og Engelsberg í Svíþjóð.
6. Ljósmyndasamkeppni með þemað „Uppáhaldsstaðurinn minn á Norðurlöndum“, myndir og frásagnir.
7. „Uppáhalds norræni staðurinn minn“ Lánþegar segja frá sínum uppáhaldsstöðum. Búið til form þar sem fram kemur nafn á staðnum og hvers

vegna hann þykir svo góður. Blöðin má síðan hengja upp á snúrur í safninu.

8. Hvetjið til þess að „spurning dagsins“ verði um tengsl almennings við Norðurlönd (svo sem: „lest þú bækur eftir norræna höfunda, horfir þú á norrænar kvikmyndir, ferðast þú um Norðurlönd, hefur þú áhuga á norrænni samvinnu“?)
9. Kvikmyndahúsið í sveitarfélaginu er hvatt til að sýna norræna barnamynd á laugardag og sunnudag í vikunni og raunar hvern dag. Bíóið getur líka sýnt norrænar myndir sérstaklega fyrir skólabörn sem lið í tungumálakennslu. Einnig mætti sýna Línu eða Ronju með sænsku tali og íslenskum texta.
10. Dugnaðarverðlaun Soffíu frænku eru veitt þeim sem duglegastur er að lesa norrænar bókmenntir í vikunni.
11. „Hefur þú lesið eitthvað norrænt nýlega?“ Hvað? Lánþegar mæla með bókum, skrifa stutta umsögn eða titil á þar til gert kort sem safnið býr til. Bók og meðmæli sett á stand eða í skáhillu
12. Brandarar um Norðurlandabúa. Sögur af Molbúum og þessháttar. Sögur af Pekka og Toivonen.
13. Lestrarmaræpon. Norrænar bækur og sögur eru lesnar í sólarhring. Lánþegar safnsins lesa upphátt úr upphaldsbókunum sínum.
14. Norræn frímerki. Hafið samband við safnara, klúbba eða póstinn
15. Bókahappdrætti. Gestir safnsins skrifa skirteinisnúmer sitt á miða og leggja í pott. Í lok vikunnar er dregið úr pottinum. (Hér er upplagt að eiga samvinnu við Norræna félagið á staðnum).
16. Norrænir fólksflutningar í gegnum tíðina. (Vikingarnir fóru ansi víða, Finnar fluttu í umvörpum til Noregs og Svíþjóðar, vesturferðirnar frá öllum Norðurlöndunum)..
17. Fjöldasöngur í bókasafninu, norræn lög.
18. Hádegistónleikar á bókasafninu, gjarnan með mat s.s. súpu. Allt frá ABBA til Sibelius.
19. Af hverju er gott að búa á Norðurlöndunum? Hvetjið gesti safnsins til að skrifa nokkur orð um þetta mál og hengið upp á snúru, í „tré“ eða safnið saman í bók.
20. Sendið dagskrá norrænna útvarpstöðva út beint frá safninu. Flest ríkisútvörp eru með beinar útsendingar á netinu sem hægt er að endurvarpa í gegnum hátalara. Gjarnan má senda út fyrir safnið .
21. Í tengslum við opunarhátíðina má nota tækifærið og vekja athygli á byggingu safnsins. Það má hugsa sér að flóðlýsa safnið en slökkva á lýsingunni þegar upplesturinn hefst og kveikja síðan aftur. Kveikið á kyndlum fyrir utan húsið

o.s.frv.

22. Veröld víkinganna, forfeður okkar á ferðalagi.
23. Markaðssetning á norrænum bókmenntum með upplestri í stórmörkuðum, kaffihúsum, strætisvögnum og ferjum.
24. Sýning á frumlegasta norræna póstkortinu í eigu notenda safnsins.
25. Bókasafnið kynnir vinabæi og vinabæjarsamstarf. (Kvikmyndir, bækur, blöð og tímarit).
26. Samvinna við veitingahús um að hafa á matseðlinum norræna rétti. Gegn framvísun bókasafnsskírteinis fá menn svo afslátt í vikunni.

***Stjórn PR-hóps norrænna bókasafna óskar þáttökusöfnum í elleftu Norrænu bókasafnavikunni alls hins besta.***

***Björn Lindwall, Svíþjóð  
Anne-Marie Marstrand, Danmörku  
Hólmkell Hreinsson, Íslandi  
Live Gulsrud, Noregi  
Päivi Jokitalo, Finnlandi***